

Miðvikudaginn 29. maí 1991.

Nr. 475/1990. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Jökli Ægi Friðfinnssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Svik. Tékkar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 23. nóvember 1990. Af hálfu ákærvaldsins er krafist staðfestingar á sakfellingu ákærða, en að refsing verði þyngd. Af hálfu ákærða er krafist lækkunar refsingar.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný gögn.

Sakarefni er lýst í héraðsdómi. Eins og segir í niðurstöðu þess dóms, hefur ákærði viðurkennt að hafa framið þá háttsemi, sem um getur í ákæru, að öðru leyti en því, að fyrir dómi neitaði hann að hafa gefið út tékka samkvæmt 3., 5. og 6. lið ákæru, en þá háttsemi hafði hann viðurkennt við lögreglurannsókn. Hefur hann borið það á fyrrum samþýliskonu sína að hafa gefið út þá tékka með nafnritun hans. Samþýliskonan hefur ekki komið fyrir dóm, og þessi staðhæfing hefur ekki verið könnuð sérstaklega. Þegar bornar eru saman nafnritanir á þessa tékka og undirritanir ákærða í málinu, er varhugavert að telja sannað, að hann hafi gefið út þessa tékka. Að öðru leyti ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um sakfellingu ákærða, og þykir þá ekki skipta máli, þótt reikningur ákærða hafi verið stofnaður með innleggi, því að líta verður á tékkaútgáfu ákærða í heild, en eingöngu er ákært út af tékkum, sem reyndust innstæðulausir, þegar þeim var framvísað.

Útgáfa tékka samkvæmt 1. tölulið ákæru varðar við 73. gr. tékkalaga nr. 94/1933, sbr. 1. gr. laga nr. 35/1977. Handhafi tékkans hefur ekki krafist opinberrar ákæru, og verður því ekki hér dæmt fyrir útgáfu þess tékka.

Brot ákærða eru að öðru leyti réttilega heimfærð til refsíákvæða.

Refsingu í máli þessu ber að dæma sem hegningarauka við 40.000

króna sekt, er ákærði gekkst undir með sátt 16. júlí 1990. Þykir hún hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jökull Ægir Friðfinnsson, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. nóvember 1990.

Ár 1990, þriðjudaginn 13. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 600/1990: Ákærvaldið gegn Jökli Ægi Friðfinnssyni, sem var dómtekið í dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 31. október sl., á hendur ákærða, Jökli Ægi Friðfinnssyni, Vatnsstíg 11, Reykjavík, fæddum 23. desember 1964, fæðingarnúmer 485, „fyrir tékkasvik með því að hafa í nóvember 1989 gefið út og notað í viðskiptum eftirtalda tékka til handhafa á tékkareikning sinn nr. 55565 við Samvinnubanka Íslands hf., sem ákærði opnaði í bankanum 10. nóvember, þótt ákærða væri ljóst, að eigi var næg innstæða á reikningnum fyrir fjárhæð tékkanna. Tékkarnir eru framseldir af Kristínu Jónsdóttur, nema annars sé getið:

1. Nr. 3777965, kr. 30.000, útgefinn 21.11. 1989. Framseldur af Svölu Jóhannsdóttur, Írabakka 16, Reykjavík. Notaður til greiðslu skuldar við framseljanda.

2. Nr. 3777959, kr. 20.000, útgefinn 27.11. 1989, ekki framseldur. Notaður til greiðslu fyrir bifreið á leigu frá Bilaleigu Arnarflugs hf.

3. Nr. 3777975, kr. 20.000, útgefinn 21.11. 1989. Seldur í Sparisjóði Kópavogs, Digranesvegi 10, Kópavogi.

4. Nr. 3777971, kr. 20.000, útgefinn 21.11. 1989. Seldur í Alpýðubankanum hf., Laugavegi 31, Reykjavík.

5. Nr. 3777974, kr. 20.000, útgefinn 21.11. 1989. Seldur í Búnaðarbanka Íslands, Hamraborg 9, Kópavogi.

6. Nr. 3777970, kr. 20.000, útgefinn 21.11. 1989. Seldur í Landsbanka Íslands, Austurbæjarútibúi.

7. Nr. 3777968, kr. 20.000, útgefinn 21.11. 1989. Seldur í Búnaðarbanka Íslands, Austurbæjarútibúi, við Hlemmtorg, Reykjavík.

8. Nr. 3777958, kr. 23.000, útgefinn 21.11. 1989. Seldur í Iðnaðarbanka Íslands, Breiðholtiútibúi, Drafnarfelli 16-18, Reykjavík.

9. Nr. 3777926, kr. 20.000, útgefinn 21.11. 1989. Seldur í Búnaðarbanka Íslands, Garðatorgi 5, Garðabæ.

10. Nr. 3777973, kr. 20.000, útgefinn 21.11. 1989. Seldur í Búnaðarbanka Íslands, Miðbæjarútibúi, Laugavegi 3, Reykjavík.

11. Nr. 3775426, kr. 1.500, útgefinn 13.11. 1989. Seldur í Búnaðarbanka Íslands, Miðbæjarútibúi.

12. Nr. 3775435, kr. 3.000, útgefinn 21.11. 1989. Framseldur af Kristínu Jónsdóttur og stimpli Olís hf., Hafnarstræti 5, Reykjavík. Óvíst um notkun.

13. Nr. 3777951, kr. 2.000, útgefinn 18.11. 1989. Framseldur af Kristínu Jónsdóttur og stimpli, Vínberid, Laugavegi 43, Reykjavík. Óvíst um notkun.

14. Nr. 3777953, kr. 2.500, útgefinn 18.11. 1989. Framseldur af Kristínu Jónsdóttur og með stimpli, Söluturninn, Hverfisgötu 50. Óvíst um notkun.

15. Nr. 3777954, kr. 1.000, útgefinn 19.11. 1989. Framseldur með stimpli, Veitingahúsið Kabarett, Austurstræti 4. Óvíst um notkun.

16. Nr. 3777955, kr. 2.000, útgefinn 19.11. 1989. Framseldur með stimpli, Söluturninn, Hverfisgötu 74. Óvíst um notkun.

17. Nr. 3777956, kr. 2.000, útgefinn 18.11. 1989. Framseldur af Kristínu Jónsdóttur og með stimpli, Laugavegs Apótek. Óvíst um notkun.

18. Nr. 3777957, kr. 2.000, útgefinn 20.11. 1989. Framseldur af Kristínu Jónsdóttur og með stimpli, Fella-Ís hf. Óvíst um notkun.

19. Nr. 3777961, kr. 16.000, útgefinn 21.11. 1989. Framseldur af Kristínu Jónsdóttur og með stimpli, Sparisjóður Reykjavíkur og nágr., Hátúni 2B. Óvíst um notkun.

20. Nr. 3777964, kr. 20.000, útgefinn 21.11. 1989. Seldur í Verslunarbanka Íslands hf., Parabakka, Reykjavík.

Framanlýst háttsemi ákærða þykir varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Málsatvik.

Ákærði kom fyrir dóminn í dag og viðurkenndi að hafa opnað tékkareikning í Samvinnubankanum í nóvember 1989 og gefið út tékka á reikning sinn nr. 55565, án þess að innstæða væri fyrir á tékkareikningnum. Ákærði viðurkenndi að hafa gefið út og notað, svo sem ákært er út af, tékka nr. 1-2, 4 og 7-20, og staðfesti ákærði útgáfu tékkanna, eftir að hafa skoðað

tékkana meðal gagna málsins. Ákærði kvaðst ekki hafa gefið út tékka nr. 3, 5 og 6 í ákærunni og kvað nafnritun sína ekki vera á þeim tékkum. Ákærði kvaðst telja líklegt, að Kristín Jónsdóttir, þáverandi sambýliskona sín, hefði komist í tékkhefti sitt og gefið þessa tékka út. Ákærði kvaðst ekkert vita um söluandvirði þessara tékka utan það, að söluandvirði allra tékkanna hefði komist í sínar vörslur og síðan í hendur lögreglu hinn 21. nóvember 1989. Ákærði hafði viðurkennt hjá lögreglunni að hafa gefið út alla þá tékka, er ákært er út af, utan ekki verður séð, að ákærði hafi hjá lögreglunni verið yfirheyrður vegna tékka nr. 1 og 2 í ákærunni. Ákærði staðfesti þennan framburð sinn fyrir dóminum utan framburð vegna tékka nr. 3, 5 og 6, og gaf ákærði engar skýringar á breyttum framburði sínum fyrir dóminum vegna þessara þriggja tékka.

Kristín Jónsdóttir var yfirheyrð hjá lögreglunni 22. nóvember 1989. Kristín viðurkenndi að hafa tekið að sér að skipta nokkrum tékkum fyrir sambýlismann sinn, ákærða í máli þessu, og kvaðst Kristín hafa verið í góðri trú og talið vera fé inni á tékkareikningi ákærða. Kristín kvaðst hafa afhent ákærða féð, eftir að ávísununum hafði verið skipt í bönkum og sparisjóðum, en Kristín kvaðst hafa framvísað vegabréfi sínu, er hún fram-seldi tékkana. Meðal þeirra tékka, er Kristín kvaðst hafa framvísað í bönkum eða sparisjóðum, voru þeir þrír tékkar, er ákærði kvaðst ekki hafa gefið út.

Ákærði bar hjá lögreglunni 23. ágúst sl., að Kristín Jónsdóttir hefði verið í góðri trú, er hún seldi tékkana fyrir ákærða. Ákærði gerði engar athuga-semdir við framburð Kristínar, en ákærða var kynntur framburður hennar. Ákærði staðfesti þessa skýrslu sína fyrir dóminum í dag.

Niðurstöður.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa framið alla þá háttsemi, sem ákært er út af, nema ákærði kveðst ekki hafa gefið út tékka nr. 3, 5 og 6, en ákærði hafði áður viðurkennt þá háttsemi hjá lögreglunni og borið efnis-lega á sama veg um þá þrjá tékka sem og um aðra tékka, er bornir voru undir ákærða hjá lögreglunni. Ákærði viðurkenndi fyrir dóminum að hafa fengið allt féð, er svikið var út, í sínar vörslur, en lögreglan hefði síðan lagt hald á féð. Framburður Kristínar Jónsdóttur hjá lögreglunni styður þá niðurstöðu, að ákærði hafi í raun gefið alla tékkana út og fengið allt féð í sínar vörslur, svo sem ákærði hefur reyndar borið fyrir dóminum. Dóminum þykir með vísan til þessa og málavaxta að öðru leyti nægilega sannað, að ákærði hafi framið alla þá háttsemi, er honum er gefin að sök í ákærunni, og þykir hinn órökstuddi breytti framburður ákærða varðandi tékka nr. 3, 5 og 6 þar engu máli skipta.

Brot ákærða eru rétt heimfærð til refsíákvæða í ákærunni.

Lögreglan lagði 21. nóvember 1989 hald á kr. 255.300 í vörslum ákærða, en mestur hluti þess fjár er fé, er ákærði sveik út með þeim tékkum, er ákært er út af í máli þessu.

Ákærði hefur frá árinu 1983 hlotið 5 refsíðoma fyrir brot gegn 1. mgr. 155., 244., 248., 1. mgr. 259. gr. alm. hgl. og fyrir brot gegn umferðarlögum og þar m.a. hlotið samtals 33 mánaða óskilorðsbundið fangelsi. Þá hefur ákærði frá árinu 1984 gengist undir 4 dómsáttir fyrir umferðar- og áfengislagabrot og fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöfinni.

Refsing ákærða er hér ákvörðuð með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og þykir hæfilega ákvörðuð fangelsi í fjóra mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jökull Ægir Friðfinnsson, sæti fangelsi í 4 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.
